


B - Listi

B-Lista til stjórnarkjörs
Stéttarfélags Vesturlands 2019

Skipa:



Stéttarfélag Vesturlands

Formaður:

Eiríkur Þór Theodórsson



Eiríkur, 29 ára, býr á Hvanneyri ásamt unnustu og 7 ára dóttur. Hann hefur verið virkur þátttakandi í verkalýðsmálum til marga ára og er núverandi formaður í ASÍ-UNG ásamt því að vera meðstjórnandi Stéttarfélags Vesturlands. Í dag vinnur Eiríkur sem móttöku- og sýningastjóri í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi þar sem hann hefur einnig gegnt trúnaðarmannsstöðu.

Ritari:

Skúli Guðmundsson



Skúli, 29 ára, býr í Borgarnesi ásamt unnustu og tveim sonum. Hann hefur gegnt hlutverki trúnaðarmanns bæði sem starfsmaður Samkaups í Hyrnutorgi og Olís í Borgarnesi sem og á höfuðborgarsvæðinu. Hann sat í trúnaðarráði Eflingar 2014 - 2016 sem og samninganefnd Flóabandalagsins yfir kjaraviðræður á þeim tíma. Í dag er Skúli starfsmaður skoðunarstöðvar Frumherja í Borgarnesi.

Meðstjórnandi:

María Hrund Guðmundsdóttir



María Hrund, 45 ára. Býr í Borgarnesi, er gift og á 2 börn.

Er formaður Verslunar-og skrifstofudeildar Stéttarfélags Vesturlands.

Starfar í Nettó Borgarnesi og er trúnaðarmaður þar.